

Nr. 025 / 10 Hans Jakob GK 150**Vélarbilun og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 1639
Smíðaður: Hommelvik Noregi, 1978, Stál
Stærð: 99,8 brl. 153,8 bt.
Mesta lengd: 25,98 m Skráð lengd: 23,52 m
Breidd: 6 m Dýpt: 5,2 m
Vél: Mitsubishi 515 kW, 1985
Fjöldi skipverja: 4



Dalaröst©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 14. apríl 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 22. febrúar 2010 var Hans Jakob GK 150 á veiðum með sæbjúguplóg um 4 sml. NNA af Garðskaga. Veður: NA 6-8 m/s og ölduhæð: 1,2 metri.

Við veiðarnar festist plógurinn í botni og það þyngdist á vélinni. Við að reyna að losa hann fór keðja í skrúfunu en hún losnaði fljótlega. Eftir að plógurinn var laus reyndist óvenju mikill afli í honum og kraninn réð ekki við að hífa hann inn. Til að auka kraftinn á krananum var gefin meiri olúgjöf en það dugði ekki til en skipverjar tóku þá eftir að það fór að rjúka út um öndunarop. Vélstjóri fór niður í vélarúm og sá að hitamælir á vélinni sýndi of mikið og reyndi hann að kæla vatnskassann með vatni en hitinn lækkaði ekki. Hann stöðvaði þá aðalvélina.

Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein dró Hans Jakob GK til Sandgerðis.

Við rannsókn kom fram:

- að stimpill hafði festst, rifið slíf, vatnið farið af aðalvélinni og hún yfirhitnað. Vatnið fór niður í pönnu og blandaðist smurolíunni.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.